



1657. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
13.02.2019, kl. 11:30

1. Fundargerð 1656. fundar

Samþykkt.

2. Íþróttaping 2019

Íþróttaping ÍSÍ verður í Gullhömrum 3.-4. maí nk. Skilafrestur tillagna er til 5. apríl.

3. Þing Körfuknattleikssambands Íslands

Verður 16. mars nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. ÍBR á fulltrúa, stjórnarfolk sem hefur svigrúm til þátttöku láti framkvæmdastjóra vita.

4. Þing Glímusambands Íslands

Verður 2. mars nk. í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. ÍBR á fulltrúa, stjórnarfolk sem hefur svigrúm til þátttöku láti framkvæmdastjóra vita.

5. Tillaga um mótun íþróttastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030

Erindi lagt fram, Pawel fylgdi úr hlaði. Samþykkt að tilnefna Ingvar Sverrisson og Guðrúnu Ósk Jakobsdóttur sem fulltrúa stjórnar ÍBR í stýrihóp um mótun stefnunnar. Þess er einnig óskað að starfsmaður ÍBR sitji fundi stýrihópsins.

6. Þing Knattspyrnusambands Íslands

Formaður sat þingið fyrir hönd ÍBR. Í þessu sambandi m.a. rætt um vallastjórn Laugardalsvallar, reksturinn og ábyrgð stjórnarfólks. Samþykkt að formaður ÍBR, formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs haldi fund vegna þessa.

7. Tillögur fyrir þing ÍBR

Fyrstu hugmyndir lagðar fram og ræddar. Haldið verður áfram að vinna. Síðasti skiladagur tillagna er 27. febrúar.

8. Önnur mál

- Bók um International Children Games lögð fram til kynningar.
- Reykjavíkurlaikarnir gengu afar vel í ár og er öllum sem að leikunum komu þakkað þeirra góða framlag.
- Fyrirspurn um ráðstöfun ÍSÍ á viðbótarframlagi vegna lottó, framkvæmdastjóri fylgir eftir.

Fundi slitið kl. 12:50.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari